

Fylgiskjal 14.1

Vegna endurskoðunar á launakostnaði hjá Fyrirtækinu ehf. með gagnagreiningaraðgerðum.

Tilgangur

Að endurskoða tilvist, heild, lotun, nákvæmni og flokkun launakostnaðar hjá Fyrirtækinu ehf. á árinu 2015 með gagnagreiningaraðgerðum.

Framkvæmd endurskoðunar

Samkvæmt upplýsingum úr skipulagningarhluta endurskoðunarinnar hafa heildarmikilvægismörk við endurskoðunina (e. materiality) verið ákvörðuð 60 milljónir króna og skipulagningarmörk (e. performance materiality) 48 milljónir króna. Þá kemur fram í skipulagningarhluta endurskoðunarinnar að áhætta í þessum lið sé talin venjuleg (e. normal risk) og að ekki sé stuðst við aðgerðaendurskoðun (e. control testing).

Sundurliðuðum launakostnað hjá félaginu á árinu 2015, sjá hér að neðan, og gengum úr skugga um að samtalan stemmdi við gjaldfærðan launakostnað í ársreikningnum. Listuðum einnig upp sambærilegar fjárhæðir úr endurskoðuðu uppgjöri ársins 2014. Fengum þær upplýsingar frá launafulltrúanum að meðalfjöldi starfa á árinu 2015 hefði verið 180 og fjölgað um 10 frá árinu á undan. Fengum einnig þær upplýsingar frá fjármálastjóra félagsins að laun hefðu hækkað um að meðaltali 5% þann 1. júlí 2014 og síðan aftur um 7% þann 1. janúar 2015. Byggt á ofangreindum upplýsingum reiknuðum við með að laun ársins 2015 ættu að vera laun ársins 2014 margfölduð með 180/170 vegna fjölgunar starfa að viðbættum 7% vegna hækkunar á launum á milli ára.

Síðan settum við okkur þröskuld (e. the amount of any differences of recorded amounts from expected values that is acceptable without further investigation / threshold) sem er annað hvort 15% af einstökum fjárhæðum sem verið er að endurskoða, eða sem 90% af skipulagningarmörkunum (e. performance materiality) hvort sem lægra reynist.

Niðurstaðan var að allir liðir voru undir þröskuldi og því þarfnast liðurinn ekki frekari skoðunar.

	Árið 2015	Árið 2014	Vænt laun árið 2015	Mismunur	Þröskuldur	Mismunur umfram þröskuld
Vinnulaun	805.060.321	747.117.442	846.440.114	41.379.793	43.200.000	0
Bifr.styrkir	8.811.804	7.797.976	8.834.648	22.844	1.321.771	0
Dagpeningar	7.562.658	7.155.661	8.106.943	544.285	1.134.399	0
Tryggingagjald	64.550.338	62.627.095	70.952.815	6.402.477	9.682.551	0
Líf.sjóður	69.608.207	66.667.359	65.970.998	(3.637.209)	10.441.231	0
Sjóðagjöld	13.350.710	12.696.472	14.384.356	1.033.646	2.002.607	0
	968.944.038	904.062.005				
Skv. ársreikningi	968.944.038	904.062.005				
Mismunur	0	0				

Niðurstöður

Reikningsliðurinn er í lagi.

15. mars 2016

Jón Jónsson aðstoðarmaður